

HOLLVÆTTIR Á HEIÐI

fjölskylduleikrit eftir Þór Tulinius



Hugleiðingar höfundar

Eins og gefur að skilja er það draumur hvers leikskálds að sjá verk sitt lifna við á sviði á sama hátt og höfundur skáldverks nýtur þess að sjá bókina koma rjúkandi heita úr prenti eða húsasmiðurinn gleðst yfir að sjá fólk flytja inn í velheppnaða bygginguna. Ég hef notið þeirrar gæfu að sjá nokkur ritverk mín koma fyrir augu almennings en ég á líka þó nokkur verk sem ekki hafa hlotið brautargengi og eru ennþá ofan í skúffu. Vafalaust hefði getað farið eins með „Hollvætti á heiði“ , það er að segja að handritið safnaði ryki einhvers staðar, „óborið“ ef svo má að orði komast. En sem betur fer átti það ekki fyrir því að liggja og er það einkum því að þakka hve móttökurnar hér í Múlaþingi hafa verið innilega hlýjar og afbragðsgóðar. Utanumhaldið um verkefnið og höfundinn hefur verið til fyrirmyndar frá upphafi ferilsins. Hugmyndin um að skrifa nýtt íslenskt barnaleikrit sérstaklega ætlað nýju sviðsrými í Sláturhúsinu kviknaði árið 2020 þegar leikhópurinn okkar Svipir setti upp verk Árna Friðrikssonar um Sunnefu. Þá voru lagfæringar á Sláturhúsinu í bígerð og að hvatningu Ragnhildar Ásvaldsdóttur, forstöðukonu Menningarmiðstöðvarinnar sauð ég saman hugmynd að barnaleikriti og sótti um styrk til Uppbyggingasjóðs Austurlands og viti menn, ég fékk hann! Hvílík hvatning! Ég hófst handa en fljótlega strandaði ég vegna annarra skuldbindinga og svo vegna hinnar sígildu ritstíflu sem hrjáir gjarnan höfunda. Ekki fékk ég að dvelja lengi í stíflunni því eftir hálf ár eða svo bankaði Uppbyggingasjóðurinn í mig og tjáði mér að ef ég skilaði ekki handritinu á tilsettum tíma yrði ég að skila styrknum. Hvílík hvatning!! Það losnaði um ritstífluna og ég náði að ljúka skrifunum. Með glóðvolgt handrit í höndunum sóttum við Ragnhildur um styrk til uppsetningar í Uppbyggingasjóð og til fleiri góðra aðila hér á Austurlandi, svo sem Síldarvinnslunnar og Alcoa Fjárðarás, svo einhverjir séu nefndir og það var eins og við manninn mælt, jákvæð viðbrögð úr öllum áttum og loforð um fjárstuðning.

Með þetta í farteskinu gátum við svo sótt um styrk til Sviðslistasjóðs og hlutum hann enda ekki ýkjarmörg verkefni sem sækja í þann sjóð sem þegar eru búin að fjármagna framleiðsluna að hluta. Og þar með voru okkur allir vegir færir. Mér finnst full ástæða til að deila þessari jákvæðu reynslu minni af einstökum stuðningi sem ég og verkefnið höfum mátt njóta hér á Austurlandi því án hans hefði þessi sýning aldrei orðið til. Þúsund þakkir!

En mér er líka skylt að þakka öllu því stórkostlega listafólki sem komið hefur að uppsetningunni, því vitaskuld átti það líka stóran þátt í því að við fengum framleiðslustyrk að samstarfsfólkið sem hafði skuldbundið sig verkefninu var ekki af verri endanum. Við erum nefnilega svo lánsöm að hafa fengið langbesta leikstjóra landsins, enda margverðlaunuð fyrir störf sín hvort sem er fyrir barnasýningar, unglingsýningar eða sýningar fyrir fullorðna. Það er leitun að eins frjóum og skemmtilegum leikstjóra og ekki bara í þessum landsfjórðungi, né heldur þessu landi heldur um allan heim. Það er unun að fylgjast með Ágústu Skúladóttur vinna og mikið lán fyrir höfund að hún taki að sér að gæða skrif hans lífi. Og þar að auki fylgir Ágústu mikið einvalalið listafólks, því allir vilja ólmir vinna með henni. Ég leyfi mér að fullyrða að það séu tvímælalaust meðal bestu leikhúslistamanna landsins sem sjá um leikmynda- og búningahönnun, ljósaönnun, brúðugerð, tónsmíðar, söngtextagerð og fleira. Frábærir ungir leikarar útskrifaðir úr Listaháskóla Íslands, sem fara með burðarhlutverkin og sprúðlandi náttúrutalent úr landsfjórðungnum blómstra svo undir styrkri stjórn leikstjórans. Hvílíkur draumur fyrir höfund. Ég er að minnsta kosti hæstánægður.

Draumur minn var að skrifa leikrit sem væri innblásið af austfirskri menningu og náttúru og koma því eins vel til skila á þessu fallega nýja sviði sem Sláturhúsið hýsir eins og mér væri unnt. Ég vona að leikritið hrífi Héraðsbúa og Austfirðinga jafn hressilega og fjórðungurinn ykkar hefur hrifið mig.

--

kær kveðja,

Þór Tulinius

Persónur og leikendur



Skrúfa: Vigdís Halla Birgisdóttir



Fúsi: Jökull Smári Jakobsson



Þokkabót : Tess Rivarola



Petra: Krístrún Kolbrúnardóttir



Malla: Tess Rivarola



Steini: Stefán Bogi Sveinsson



Bömbur: Vigdís Diljá Óskarsdóttir



Bífur: Sólgerður Vala Kristófersdóttir



Þráinn: Árni Friðriksson




Ósk : Hlín Pétursdóttir Behrens




Austri: Øystein Magnús Gjerde



Sóla: Gyða Árnadóttir



Auðbjörg Elfa Stefándóttir



Hanna Sólveig Björnsdóttir

Handrit	Þór Tulinius
Leikstjórn	Ágústa Skúladóttir
Leikmynd og Búningar	Þórunn María Jónsdóttir
Brúður	Aldís Davíðsdóttir
Lýsing	Ólafur Ágúst Stefánsson
Tónlist	Eyvindur Karlsson
Söngtextar	Sævar Sigurgeirsson
Tónlistarstjórn	Øystein Magnús Gjerde
Hljóðmynd og útsetning	Øystein Magnús Gjerde
Söngþjálfun	Hlín Pétursdóttir Behrens
Danshreyfingar	Vigdís Diljá Óskarsdóttir Bryndís Björt Hilmarsdóttir
Sviðshreyfingar	Ágústa Skúladóttir og leikhópurinn
Leikmyndasmíði	Óttar Brjánn Eypórsson
Framkvæmdastjórn	Ragnhildur Ásvaldsdóttir

Búningasaumur	Sigrún Einarsdóttir
Ullarsteinar	Anna Gunnarsdóttir
Aðstoð við leikmuni	Katarzyna Strojnowska
Aðstoð við saumur	Fjóla Egedía Sverrisdóttir
	Heiðdís Halla Bjarnadóttir
Teikning á plakati	Ísak Sævarsson
Hljóðmaður á sýningum	Óttar Brjánn Eypórsson
Ljósamaður á sýningum	Ágúst Bragi Daðason
Sýningarstjórn	Erla Guðný Pálsdóttir

Sérstakar þakkir

Uppbyggingarsjóður Austurlands, Múlaþing, Menntamálaráðuneytið, SVN, Alcoa Fjarðarál, Afkomendur tónskáldsins Jórunnar Viðar (samdi lagið Kall sat undir kletti), Minjasafnið á Egilsstöðum, Icelandair, Vök Baths, Þjóðleikhúsið, Leikfélag Fljótsdalshéraðs, Rauði krossinn á Egilsstöðum, Tónlistarskólinn Egilsstöðum, Tónlistarskólinn í Fellabæ



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og
viðskiptaráðuneytið

